

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kolviðarholt, fristundabyggð úr landi Böðmódsstaða.

Deiliskipulagið tekur til um 37 ha svæðis úr landi Böðmódsstaða sem kallast Kolviðarholt þar sem gert verður ráð fyrir 42 sumarhúsalóðum. Nýtingarhlutfall er 0,03. Heimilað er að byggja eitt hús, að hámarki 120 m², á hverri lóð, ásamt aðstöðuhúsi allt að 40 m². Mænishæð skal ekki fara yfir 5,5 m frá gólfhæð.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. maí 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Berglind Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2018